

Míla ehf.
Stórhöfði 22-30
110 Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2020
UST202005-124/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Guðlaugstungur - lagning ljósleiðara

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Mílu ehf., dagsett 12. maí 2020, um leyfi fyrir lagningu ljósleiðara innan Guðlaugstunga.

Guðlaugstungur voru friðlýstar sem friðland sbr. reglugerð nr. 1150/2005. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatna og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar Bólstaðarhlíðarhrepps [nú Húnavatnshrepps]. Almennings er heimil för um friðlandið og dvöl þar í lögmætum tilgangi og er öllum skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Þó er umferð um varplönd heiðagæsar bönnuð á tímabilinu 1. maí til 20. júní, á svæði norðan línu sem dregin er frá Blöndu við Skiptahól og sjónhendingu í Hraungarðshaus.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir leyfi til að leggja ljósleiðara sem kemur til með að liggja innan Guðlaugstungna um 15 km leið. Kort sem sýnir leiðina sem ljósleiðarinn verður lagður fylgir með umsókninni. Verkið er tilkynningarskylt til Skipulagsstofnunar. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Undirbúningur framkvæmdarinnar mun hefjast um leið og leyfi til framkvæmdarinnar fæst og er stefnt að því að henni verði lokið í nóvember 2020. Að framkvæmdinni koma 5-10 starfsmenn með jarðýtu, plóg, gröfu og ökutæki. Farið verður meðfram núverandi vegi eins og kostur er. Umferð vélknúinna tækja verður eftir núverandi vegi eða sem næst honum. Unnt er að plægja niður ljósleiðara án frekara jarðrasks, á stöku stað mun þurfa grafa ljósleiðarann niður. Gengið verður frá yfirborði með því að slétta og ýta til núverandi yfirborði og skilja við sem næst því og þar var, þar sem er votlendi eða er þýft má hugsanlega sá eða tyrfa. Stóran hluta leiðarinnar er farið um svæði sem nú þegar er raskað í slóða og vegi.. Þar fyrir utan í svæði sem einkennist fyrst og fremst af melum, sandlendi og mólendi. Þar sem komið er inn í friðlandið frá Kjalvegi þarf að fara yfir áður óraskað land. Á um 100 m kafla fyrirhugaðrar lagnaleiðar innan friðlandsins í Guðlaugstungum milli punkta 31500M og 31700M er að finna rústamýrar. Farið yrði u.þ.b. 50 m austan við rústirnar til að framkvæmdin hafi ekki áhrif á þær. Vinnubúðir verða ekki staðsettar innan friðlandsins.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur hættu á að verkefnið muni hafa neikvæð áhrif á náttúrufarar og verndargildi svæðisins. Í fyrirhugaðri línu ljósleiðarans finnast fjallgerðamóavist og víðimóavist, sem eru vistgerðir með miðlungshátt verndargildi, ásamt starungsmýrarvist, sem er með mjög hátt verndargildi, samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands. Starungsmýrarvist er enn fremur á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndunar. Hætt er á að framkvæmdin valdi töluverðu raski innan friðlands, þar sem jarðýtu verður ekið utan vega til að plægja niður ljósleiðara. Veginum verður að mestu fylgt, en á einum kafla verður farið nokkra vegalengd frá vegi inn í algjörlega óraskað landsvæði. Mikil hætta er að áhrif af slíkri framkvæmd í þessu umhverfi verði til lengri tíma eða jafnvel verði óafturkræf. Einkum á grónu landi þar sem vaxtartími gróðurs er stuttur á hálendinu. Umhverfisstofnun telur að draga megí úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar með þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfi þessu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Mílu ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu ljósleiðara innan Guðlaugstunga sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 23. september til 20. október 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka utan vegar innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar. Grjót sem sett er til hliðar til að rýmka fyrir aksturleið vinnuvéla við framkvæmdina skal sett aftur á sinn stað.
- Þar sem gróðri er raskað skal staðargróður nýtur til endurheimtar.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágegnum tegundum frá öðrum svæðum.
- Ítrústu varúðar skal gæta til að koma í veg fyrir rask þar sem hætta er á því.
- Forðast skal að skerða gróðurlendi innan friðlandsins eins og kostur er.
- Óheimilt er að plægja strengnum niður í gegnum votlendi og mýrar.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðin en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Ekki skal merkja lagnaleiðina þar sem hún liggur út frá vegi og er í sjónlínu vegfarenda.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri. Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi forsætisráðuneytisins gæti þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir á friðlýstu svæði er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar varð umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í grunngjaldi. Í gjaldskrá er gert ráð fyrir að vinna við afgreiðslu umsóknar um framkvæmdir á friðlýstu svæði sé 3 klukkustundir. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar mun vera samtals 7 tímar. Stofnunin áformar að gefa út reikning fyrir þessa umframvinnu, þ.e. fyrir 4 klukkustundir á 13.200 hver klukkustund. Umhverfisstofnun áformar því, á grundvelli 3. mgr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, að innheimta samtals **92.200 kr.** fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Elín Björg Ragnarsdóttir
sviðstjóri



Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur